

MÍÐVIKUDAGINN 3. september opnaði sýningin LJÓS, sem eru sýningarstök ungra ljósmyndara. Er þetta þriðja ljósmyndasýningin á þeirra vegum. Erfitt er að kasta tölu á myndirnar, því þeim er hvorki gefið númer né nafn.

Þeir, sem þarna sýna myndir eru Gunnar S. Guðmundsson, Kjartan B. Kristjánsson, Pjetur P. Maack og Mats Wibe Lund, en sá síðasttaldi sýnir sem gestur.

Það skal viðurkennt í upphafi þessa máls, að menn eru hér á landi dálítið óvanir ljósmyndum. Öðru máli gegnir um málverk, þar er samanburður frá degi til dags, frá viku til viku.

Þótt hér sé um samsýningu að ræða, eru myndirnar mjög rækilega aðgreindar, þannig að í raun og veru er um fjórar einkasýningar að ræða og því líklega rétt að fara örfáum orðum um þær, hverja fyrir sig, en þó verður ekki komið hjá því að fjalla sameiginlega um sameiginleg einkenni sýningarinnar. Það er fyrst og fremst tilgangur sýningarinnar að vera listrænn, a.m.k. tjáðu tveir höfundar að myndunum þeim, er þetta ritar, að svo væri. Frá því sjónarmiði er sýningin hæpin, líklega fyrst og fremst vegna þess, að hún stendur naumast fyrir því sem slík, þegar á heildina er litið. Þetta eru bara venjulegar myndir. Ekkert sérstakt manifest, engin sýnileg stefna, ekki sú angist er heltekur, né sú form gleði er hrifur. Ekki heldur neinn boðskapur.

Auðvitað eru góðar og skemmtilegar myndir innan um og saman við, en erfitt er að gera grein fyrir þeim sérstaklega, eða víkja að þeim, þar sem hvorki nöfn né númer eru viðhöfð á sýningunni, nema hjá Mats Wibe Lund.

En vikjum nú að einstökum listamönnum, ljósmyndurum.

Pjetur Maack sýnir margar myndir af sömu stúlkunni, Helgu Eldon, listdansara. Viðfangsefnið er frumlegt og áhugavert, en sem heild segja þessar myndir ekkert. Súrealistískt samhengi er ekki frá einni mynd til annarrar. Forsendur virðast því veikar, ef stellingum er ekki ætlað að

LJÓS 75

Á KJARVALSSTÖÐUM

segja neitt sérstakt. Hinu er ekki að leynd, að sumar þessar myndir eru dæmalaust vel gerðar og má þar nefna mynd við innganginn, sem reyndar hefur birt í dagblaði. Ef til vill segir þessi deild okkur meira um þessa sýningu en aðrar: þetta eru yfirleitt venjulegar myndir, án sérstaks ákalls til áhorfandans.

Framköllun er líka (frá leikmannssjónarmiði) venjuleg. Hin grafisku viðhorf gleymast, núansar og smámunir hins útsmagna tæknimanns, þyrftu að fá meira umfang í vinnslu myndanna.

Kjartan B. Kristjánsson virðist vera hugmyndaþakastur þeirra félaga. Sumar myndir hans eru hreinasta afbragð, en tilfinning fyrir myndbyggingu er dræm. Að visu má segja sem svo, að það sé smekksatriði hvernig mynd er stækkuð, en viss lögmál ber þó að hafa í heiðri og margar myndirnar væru betri, ef sumum atriðum hefði verið sleppt í stækkun. Mynd af Péttri Einarssyni (?) leikara er gott dæmi um myndbyggingu, sem fær staðigt gagnrýni. Hinar hanga meira uppi af stemmningu eða einhvers konar hómör.

Gunnar S. Guðmundsson virðist sterkastur á svellinu þeirra félaga hvað varðar form og myndbyggingu. Hins vegar eru myndefni hans ekki sérlega áhugaverð. Nagandi kvíði ögur-stunda stórborgarinnar er ekki að finna í þessum myndum, né heldur hina meðfæddu óskýrðu gleði Parísar. Ef til vill hefði þessi deild mátt vera svoltið pólitískari. Sá, sem sýnir manni París verður að hafa skoðun, það er að segja, ef að myndirnar hans eiga að flokkast undir listaverk.

Mynd af húsgafla, svörtum, rétt við innganginn er listaverk í

forminu og mynd af gengilbeinu undir seghatti af afgreiða einhverja menn, sýnir að höfundur hefur auga.

Mats Wibe Lund er líklega sjóðastur þeirra félaga. Hann er fagmaður, sem hlotið hefur frama innan viðskiptalífsins.

Myndir hans virðast samt eiga takmarkað erindi á list-sýningu. Þetta eru vel unnar, „fallegar“ myndir.

Eg hefi komið á marga þessa staði og unnt væri að gefa með-máli með myndunum í ferðabækur, en sem sjálfstæð listaverk draga þær skammt. Myndirnar eru ekki teknar á hinu gullvæga augnabliki, þegar samspil ljóss og skugga leikur sér í kvöldroða og morgunsári. Gott dæmi um þetta eru myndirnar frá Diskó og Jakobshavn. Diskóbúgtingin er líklega einhver stórbrotinasti staður á jörðinni og manni er til efs, að það eigi að útskrifa fólk úr listaskólum, án þess að það hafi verið þar einn sólbjartan dag. Diskó kemst ekki til skila í þessum myndum og svo er um fleira.

Hitt er svo annað mál, að forskyn Mats Wibe Lund er í ágætu lagi. Þetta eru faglega séð góðar myndir, en heyra meira undir landafræði en myndlist.

Hér að framan hefur verið fjallað um LJÓS 1975 útfra ákveðinni forsendu þ.e. myndlist almennt. Það er bezt fyrir alla að ræða þau mál af hreinskilni, með tveim hrúthornum.

Eitt eiga þessir ungu menn þó umfram svo marga aðra, sem með myndavélara fara, að þeir leggja á sig vinnu, taka á sig áhættu, fjárhagslega og siðferðislega. Því verður að meta framtak þeirra og áráði. Ljósmyndasýningar eru oft mjög skemmtilegar og sá, sem þetta ritar, hefur sótt þær svo að segja frá upphafi. Ef til vill getur þetta framtak örvað til frekari sýninga á ljósmyndum hér á landi.

Jónas Guðmundsson.



FÖLK Í LISTUM

Málverk og agúrkur í Eden

Einn af nýju sýningarstöðum er gróðurhúsið EDEN í Hveragerði, þar sem menn sýna myndlistir innan um tómata, agúrkur og talandi fugla. Eden er vondur staður fyrir myndlistarsýningar en viðfeldinn staður fyrir þá, sem þiggja vilja veitingar og kaupa sér gúrur.

Yfir staðnum er upphafning, sem fylgir stórum vörusýningum og glæsilegum ípróttamótum. Væri ef til vill rétt fyrir eigendur staðarins að gefa myndlistinni raunverulega eitthvert

rúm í salarkynnum sínum. Það mætti vera minna, en gera meira gagn.

Gunnar Hjaltason hefur haldið margar málverkasýningar og hefur hendur úr gulli. Hann er stundum fenginn til þess að smíða konungsgæmsar, gjafir til erlendra þjóðhöfðingja, því að hann er gullsmiður að atvinnu. Málverkið, myndlistin kemur seinna inn í líf hans.

Gunnar er góður teiknari og fundvís á móttíf, hann teiknar og

málar með pastellitum, þekjulitum og mörgu öðru og svo málar hann oljumálverk.

A sýningunni í EDEN hengir hann upp svo til einvörðungu oljumálverk.

Gunnar Hjaltason ræður yfir góðri tækni í oljumálverkinu. Hann beitir svo að segja sömu aðferðinni við allar landslagsmyndirnar og notar gjarnan sömu litina. Þetta eru vel gerðar myndir og lausar við ýmsan vandræðagang, sem oft fylgir landslagsmyndum. Þó væri ef til vill réttara að gefa sér lausari tauminn. Mynd er hlutfall milli skáldskapar og staðreynda. Við óskum eftir meiri skáldskap í hverja mynd. Þetta er að finna í sumum myndum, t.d. vetrarmynd og mynd af Drápuhlíðarfjalli, en þar gengur hann ögn frá hinu hefðbundna eða því, sem hann hefur tamið sér.

Eg sá að fleiri höfðu lagt á fjallið en ég til þess að sjá þessa sýningu, enda vel þess virði, því að handbragðið er ósvikið. Það



Gunnar Hjaltason.

rennir því stöðum undir það, sem farið var fram á hér að framan, að sköpuð verði viðunandi aðstaða fyrir myndir í EDEN, ef þar á framvegis að sýna myndir.

Myndir Gunnars Hjaltasonar njóta sin ekki í þessu skrúðlega umhverfi og ein er bak við laufþungt sorgbúið tré.

Nafnmíði er festur við hverja mynd og er það ekki nógu gott.

Fjölrituð sýningarskrá, eða skrá, sem fest er á vegg í nokkrum stöðum er betri. Þessir miðar fara illa á sýningum. Sýning Gunnars mun standa eitthvað fram eftir mánuðinum og skulu menn, sem leið eiga um garð hjá Eden í Hveragerði hvattir til þess að lita inn hjá manningum sem smíðar konungsgæmsar.

Jónas Guðmundsson.